**74. fundur** 15. maí 2023

2009629SA
Málalykill: 16.32

**Fundargerð samstarfsnefndar**
**Sambands íslenskra sveitarfélaga**
**og**
**Þroskaþjálfafélags Íslands**

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga (SNS) og Þroskaþjálfafélags Íslands (ÞÍ), mánudaginn 15. maí 2023.

**Mætt voru:**
Fyrir hönd félagsins: Laufey Gissurardóttir og Anna Lilja Magnúsdóttir. Fyrir hönd sambandsins: Bjarni Ómar Haraldsson og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

**Þessi mál voru tekin fyrir:**

1. **Misræmi á launatöflum**
Starfsmati er ætlað að meta störf þannig að sömu laun séu greidd fyrir störf sem falla undir sama stigafjölda samkvæmt tengitöflu starfsmats.

Það starfsfólk sem er í launaflokkum 150 – 162 samkvæmt launatöflu aðildarfélaga BHM og er í starfsmati, fær umtalsvert lægri laun en ef það væri á launatöflu BSRB.

**Niðurstaða:**

Frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024 verður því starfsfólki sem er í aðildarfélögum BHM, er í störfum sem raðast samkvæmt starfsmati og er í launaflokkum 150 – 162 í launatöflu starfsmats, greidd önnur laun samkvæmt töflu 1 fyrir fullt starf til þess að jafna launamun þeirra sem eru í launaflokkum á bilinu 150-162 í aðildarfélögum BSRB.

Um er að ræða mánaðarlegar fjárhæðir sem greiddar eru út samningstímann eða þar til annað verður ákveðið. Greitt skal hlutfallslega miðað við starfshlutfall.

**Tafla 1**

| Launaflokkur | Önnur laun |
|---|---|
| 150 | 8,811 |
| 151 | 9,176 |
| 152 | 9,546 |
| 153 | 9,921 |
| 154 | 10,303 |
| 155 | 10,691 |
| 156 | 9,649 |
| 157 | 8,575 |
| 158 | 7,473 |
| 159 | 6,343 |
| 160 | 5,183 |
| 161 | 3,992 |
| 162 | 1,266 |

Fleira ekki gert.